



MOSFELLSBÆR

**15.fundur  
Notendaráð fatlaðs fólks  
haldinn Bókasafni Mosfellsbæjar,  
10.11.2021 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurþór Ingi Sigurðsson aðalmaður, Kolbrún Ýr Oddgeirsdóttir formaður, Sveinbjörn Benedikt Eggertsson aðalmaður, Elva Hjálmarsdóttir fjölskyldusvið.

**Fundargerð ritaði:** Elva Hjálmarsdóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði

**Dagskrá:**

**Almenn erindi**

**1. 202111083 - Beiðni til notendaráðs um umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi**

Beiðni til notendaráðs um umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi tekin til umræðu

Lagt fram og kynnt fyrir ráðinu.

**2. 202012101 - Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks 2020**

Drög að reglum Mosfellsbæjar um akstursþjónustu fatlaðs fólks lagðar fyrir til umræðu.

Drög að reglum kynnt fyrir ráðinu.

Ráðið vill koma á framfæri tillögu vegna þeirra svæðatakmarkana sem talin eru upp í drögum að reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Í drögum segir að ferðatími farþega skuli ekki fara yfir 60 mínútur í senn og bendir ráðið á að hægt væri að víkka möguleg þjónustusvæði og veita þar með undanþágu frá skilgreindum svæðum væri áætlunarstaður innan þessa 60 mínútna ramma.

**3. 202003246 - Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu í Mosfellsbæ**

Drög að reglum um stoðþjónustu lagðar fyrir

Drög að reglum kynnt fyrir ráðinu.

**4. 202106342 - Lengri viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema**

Nýtt frístundaúrræði í Mosfellsbæ fyrir fötluð börn 10-20 ára lagt fram til kynningar. Máli vísað til notendaráðs frá bæjarráði.

Frístundaklúbburinn Úlfurinn kynntur fyrir ráðinu og starfsemi hans rædd.

Minnisblað vegna stofnunar frístundaklúbbs.pdf

Úlfurinn.pdf

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00